



# Ársskýrsla 2023

## Náttúrustofa Suðausturlands





© 2024 Náttúrustofa Suðausturlands

Allur réttur áskilinn

**Ritstjóri:** Lilja Jóhannesdóttir.

**Texti:** Álfur Birkir Bjarnason, Hólmfríður Jakobsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Sigurjón Andrésson og Snævarr Guðmundsson.

**Ljósmyndir:** Anna Björg Sigfúsdóttir (ABS), Arnór Þórir Sigfússon (APS), Álfur Birkir Bjarnason (ÁBB), Brynjúlfur Brynjólfsson (BB), Guðrún Óskarsdóttir (GÓ), Ingunn Jónsdóttir (IJ), Lilja Jóhannesdóttir (LJ) Pálína Pálsdóttir (PP) og Snævarr Guðmundsson (SG).

**Forsíðumynd:** Klettur á Hvalnesi, 15. september 2022, LJ.

**Umbrot:** Snævarr Guðmundsson, Hólmfríður Jakobsdóttir og Lilja Jóhannesdóttir

Útgefandi: Náttúrustofa Suðausturlands,

Litlubrú 2, 780 Höfn í Hornafirði,

Sími: 470 8060

Útgáfa: Mars 2024

ISSN 2547-6505 (prentuð útgáfa) og ISSN 2547-6513 (rafræn útgáfa)

## EFNISYFIRLIT

Formáli forstöðumanns .....	5
Skýrsla stjórnar .....	6
Um Náttúrustofu .....	7
Starfsfólk.....	8
Jöklar og jökulvötn .....	11
Lífríki .....	17
Stiklur úr starfi .....	33
Fjárhagur .....	36
Erindi og kynningar.....	37
Útgáfa, greinargerðir og ritrýndar greinar .....	38

## FORMÁLI FORSTÖÐUMANNNS



Náttúrustofa Suðausturlands var stofnuð árið 2013 og fagnaði því 10 ára afmæli á árinu. Árið 2023 störfuðu sjö einstaklingar á stofunni í lengri eða skemmri tíma. Í upphafi árs kom Álfur Birkir Bjarnason til starfa á starfstöð okkar á Kirkjubæjarklaustri. Helstu rannsóknaráherslur hans eru plöntur og bætir hann því vel við breidd stofunnar. Tveir starfsmenn á Kirkjubæjarklaustri létu af störfum á árinu, Rannveig Ólafsdóttir og Pálína Pálsdóttir. Rannveig hafði unnið hjá stofunni frá 2016 og Pálína frá 2017 og því um nokkur tímamót að ræða og alltaf er eftirsjá að góðu fólki. Við þökkum þeim kærlega fyrir góða samfylgd og vel unnin störf og óskum þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi. Þrír starfsmenn störfuðu allt árið í fullu starfi, tvö á Höfn og einn á Kirkjubæjarklaustri, að auki fengum við tvo sumarstarfsmenn til okkar. Starfsemi stofunnar var fjölbreytt og skemmtileg að vanda árið 2023 en sem ávallt er áhersla á náttúrufar einkennandi fyrir starfssvæði hennar. Í jöklarannsóknnum voru jökulskerin fyrirferðarmikil en einnig unnið að venjubundnum verkefnum eins og vöktun útbreiðslu jökla. Áfram var fylgst með einkennisfuglategundum Suðausturlands, gerð var heildarúttekt á varpstofni helsingja og fylgst með stöðu skúms sem er afar slæm. Nýtt verkefni hófst hjá stofunni um klettafrú en sú planta finnst einungis frá Skaftártungu austur í Loðmundarfjörð. Framhald varð á kolefnismælingum og Bændur græða landið sem unnið er fyrir Landgræðsluna og samstarfsverkefnið Vöktun náttúruverndarsvæða tók veglegan sess. Á árinu var lokið við tvö stór verkefni, annars vegar greiningu á áfallapoli vistkerfa á áhrifasvæði Skaftárhlaupa og hins vegar mati á náttúru, menningarminjum og innviðum á Breiðamerkursandi. Þessum verkefnum og fleirum eru gerð skil hér í ársskýrslunni.

Á tímamótum eins og stórafmælum er tilvalið að líta yfir farin veg. Náttúrustofan hefur á þessum 10 árum vaxið og dafnað og verkefni hennar verið eins fjölbreytt og þau eru mörg. Í starfi stofunnar hefur verið mikið lagt upp úr góðum tengslum við nærsamfélag og samstarfi við aðrar fagstofnanir. Náttúrustofan hefur unnið mikið með stærrri stofnunum eins og Náttúrufraeðistofnun Íslands, Veðurstofunni, Háskóla Íslands og Landgræðslunni. Góð samskipti og samvinna hafa einnig verið við stofnanir á starfssvæði stofunnar svo sem við Vatnajökulspjóðgarð, Nýheima þekkingasetur og Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Höfn. Samvinna á milli stofnana er gríðarmikilvæg og eflir faglegt starf og styrkir tengsl, ekki hvað síst fyrir smærri einingar. Náttúrustofan hefur alla sína tíð starfað með félagasamtökum, svo sem Fuglaathugunarstöð Suðausturlands, og skólum á svæðinu og tekur m.a. þátt í vöktunarverkefnum með þeim og á móti nemum í starfskynningar. Ég tel að þessi 10 ár sem stofan hefur verið til sýni fram á mikilvægi hennar. Hún tryggir að mikilvægar rannsóknir á náttúru séu unnar í heimabyggð, ýtir undir fjölbreytni í atvinnuframboði og tryggir fagmenntuðu fólki vinnu í aðildarsveitarfélögum. Rannsóknir sem unnar eru við stofuna leggja grunn að viðbrögðum okkar við þeim stóru vandamálum sem við okkur blasa, svo sem hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og loftlagsbreytinga. Fjárframlag til reksturs Náttúrustofa er því fé sem vel er varið. Ég þakka samstarfsfólki, stjórn, góðkunningjum og velunnurum stofunnar samstarfið. Náttúrustofa Suðausturlands væri ekkert án þess færa og metnaðarfulla starfsfólks sem hér starfar og er ég þakklát fyrir samstarfið og hlakka til komandi verkefna og áskorana.

Lilja Jóhannsdóttir

Forstöðumaður, 29. febrúar 2024

## SKÝRSLA STJÓRNAR



Nú er ég að klára mitt annað ár sem formaður stjórnar Náttúrustofu Suðausturlands. Í stjórn stofunnar sitja þrír fulltrúar. Ásamt mér eru í stjórn Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Skaftárhrepps og Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands. Stjórnin fundaði fjórum sinnum á liðnu ári.

Rekstrarniðurstaða síðasta árs var jákvæð um 8,4 milljónir og námu heildarrekstrartekjur 66,7 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofunnar 43,9 milljónum króna og bókfært eigið fé í árslok var 40,4 milljónir. Framlag ríkis og þeirra sveitarfélaga sem Náttúrustofan starfar í, Hornafjarðar og Skaftárhrepps, er um 59% af tekjum en hin 41% eru ýmsir styrkir, samstarfssamningar og útseld vinna.

Starf Náttúrustofu Suðausturlands er afar mikilvægt en stofan er rannsóknastofnun á sviði náttúrufræða. Náttúrustofa Suðausturlands er ein af átta náttúrustofum sem starfræktar eru víðsvegar um landið. Náttúrustofurnar hafa allar sama hlutverki en eðlilega er blæbrigðamunur á áherslum í starfinu. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands er geysilega víðfeðmt en það nær frá Mýrdalssandi í vestri, austur í Hvalnesskriður. Stofan vinnur þó einnig að verkefnum utan þess landsvæðis.

Náttúrustofan Suðausturlands er bæði með aðstöðu í Nýheimum á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri. Í Nýheimum á Höfn í Hornafirði er mikill suðupottur hugmynda og kraftmikil starfsemi. Þar mætast áherslur menningar, menntunar, nýsköpunar og rannsókna. Þá er Vatnajökulspjóðgarður með starfsfólk í húsinu og höfum við væntingar um að nýjar höfuðstöðvar þjóðgarðsins rísi á næstu árum á lóðinni vestan við Nýheima, en Vatnajökulspjóðgarður er með sitt aðsetur í Hornafirði. Uppbygging þjóðgarðsins á svæðinu ásamt nánd og samstarfi við samfélag Nýheima mun eflaust gagnast Náttúrustofu Suðausturlands vel í framtíðinni og styrkja starfið.

Við þurfum að standa vörð um starf náttúrustofa um landið allt. Þeirra starf eykur skilning okkar á umhverfinu og hjálpar okkur sem stjórnnum að taka betri ákvarðanir þegar kemur að sjálfbærri þróun nærsamfélagsins.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka styrktaraðilum fyrir sinn ómetanlega stuðning en án hans væri starf stofunnar ekki mögulegt. Ég vil líka þakka starfsfólki Náttúrustofu Suðausturlands fyrir sína ástríðu og þeirra góða og faglega starf. Stjórninni þakka ég einnig fyrir ánægjulegt samstarf. Sérstakar þakkir frá mér fær Lilju Jóhannesdóttir forstöðumaður fyrir sína forystu og einkar ánægjulegt samstarf.

SIGURJÓN ANDRÚSSON

Sigurjón Andrússon formaður stjórnar og bæjarstjóri Hornafjarðar, 29. febrúar 2024

## UM NÁTTÚRUSTOFU

Náttúrustofa Suðausturlands er ein af átta náttúrustofum landsins og starfar samkvæmt lögum nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Stofurnar hafa allar sömu lögbundnu hlutverkum að gegna en starfa á mismunandi landssvæðum. Náttúrustofur eru allar aðilar að Samtökum náttúrustofa (SNS), en samtökunum er ætlað að efla samstarf náttúrustofa og vinna að hagsmunamálum þeirra. Að Náttúrustofu Suðausturlands standa Sveitarfélagið Hornafjörður og Skaftárhreppur. Starfssvæði Náttúrustofu Suðausturlands nær frá Blautukvísl á Mýrdalssandi í vestri og austur í Hvalnesskriður en einnig vinnur stofan að verkefnum utan þess landsvæðis. Árið 2023 var Náttúrustofan með þrjár skrifstofur í Nýheimum á Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri hefur stofan aðstöðu fyrir einn í Kirkjubæjarstofu.


Stjórn stofunnar er skipuð þremur aðilum, tveimur skipuðum af Sveitarfélaginu Hornafirði og einum af Skaftárhreppi. Stjórnin er kosin til fjögurra ára í senn og skal kjör stjórnar jafnan fara fram í upphafi nýs kjörtímabils sveitarstjórna. Stjórn náttúrustofunnar er þannig skipuð; Sigurjón Andrésón, bæjarstjóri í Sveitarfélaginu Hornafirði, stjórnarformaður, Sæunn Stefánsdóttir, forstöðumaður Stofnunar Rannsóknasetra Háskóla Íslands og Auður Guðbjörnsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Skaftárhrepps, meðstjórnendur. Varamenn eru: Sigurður Sigursveinsson, Björn Helgi Snorrason og Anna Ragnarsdóttir Pedersen. Árið 2023 voru haldnir þrjár stjórnarfundir auk ársfundar. Náttúrustofan heldur úti [heimasíðu](#) og er að auki með [Facebook](#) og [Instagram](#)-síðu.



## STARFSFÓLK



Lilja Jóhannesdóttir er forstöðumaður en hún er doktor í líffræði. Auk þess er hún með B.Sc. og M.Sc. próf í náttúru- og umhverfisfræði. Lilja hefur starfað hjá stofunni frá 2018 en verið forstöðumaður frá 2022. Forstöðumaður annast stjórnun, áætlanagerð og sér um daglegan rekstur, auk samskipta við sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki og ráðuneyti. Einnig tekur hann þátt í rannsóknum og verkefnastjórn.




Snævarr Guðmundsson er sviðstjóri en hann er með M.Sc. próf í jarðfræði frá Háskóla Íslands og hefur starfað hjá stofunni frá 2013. Hans helstu verkefni snúa m.a. að kortagerð, jöklamælingum, jarðfræði- og stjörnurannsóknum.



Rannveig Ólafsdóttir hefur verið sérfræðingur hjá stofunni frá 2016. Hún er með M.Sc. próf í náttúru- og umhverfisfræði og B.sc. í líffræði. Hennar helstu verkefni árið 2023 voru kolefnismælingar í Skaftárhreppi og *GróGos* verkefnið sem bæði eru í samstarfi við Landgræðsluna. Rannveig lét af störfum á árinu.






Pálína Pálsdóttir er sérfræðingur hjá stofunni. Hún er með B.S. próf í búvísindum frá Landbúnaðarháskóla Íslands og hefur starfað hjá stofunni frá 2017. Hennar helstu verkefni árið 2023 voru *GróGos*. Pálína lét af störfum á árinu.



Álfur Birkir Bjarnason er sérfræðingur hjá stofunni. Hann er með B.Sc. gráðu í líffræði frá Háskóla Íslands og í tölvunarstærðfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hans helstu verkefni 2023 voru rannsóknir á klettafrú, *Bændur græða landið* og gróðurhluti *Vöktunar náttúruverndarsvæða*. Hann tók einnig við kolefnismælingum í Skaftárhreppi af Rannveigu. Álfur hóf störf í janúar 2023



Brynjúlfur Brynjólfsson var sumarstarfsmaður og svo í hlutastarfi seinni helming ársins. Hann er rafeindavirki og fuglaáhugamaður. Helstu verkefni hans voru vettvangsvinna og pöddugreiningar.



Anna Björg Sigfúsdóttir var sumarstarfsmaður hjá stofunni. Anna Björg er í námi í náttúru- og umhverfisfræði. Helstu verkefni hennar voru vettvangsvinna og gagnainnsláttur í verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða* og *Bændur græða landið*, sem og kolefnismælingar.



Brókarjökull og Kálfafellsdalur, 31. maí 2023

©SG



# JÖKLAR OG JÖKULVÖTN

Jöklarannsóknir hafa verið ein meginstoðin í starfsemi Náttúrustofu Suðausturlands, allt frá því að hún var stofnuð árið 2013. Sú staðreynd ætti ekki að koma á óvart enda nálægð við jökla hvergi meiri hérlendis en á Suðausturlandi. Hlutverk okkar hefur verið að „vakta“ fjölda skriðjökla, sérstaklega í heimahéraði og Vatnajökli, kortleggja breytingar við jaðra og skrásetja þá öru landmótun sem á sér stað framan þeirra. Nokkrar stofnanir sinna gagnaöflun á íslenskum jöklum og tekur Náttúrustofan þátt í sameiginlegu vísindastarfi með þeim. Niðurstöður eru eftir fremsta megni birtar í vísindagreinum eða skýrslum sem eru í flestum tilfellum aðgengilegar á Internetinu.



*Breiðamerkursandur með Jökulsárlóni og Fellsfjall. Ljósmynd: SG, 10. nóvember 2023.*

### **Sporðamælingar á jöklum í Örfum og á Mýrum**

Náttúrustofan annast sporðamælingar á nokkrum skriðjöklum í Örfum og Suðursveit frá árinu 2013. Það eru Kvíárjökull, Hrutárjökull, Fjallsjökull og Breiðamerkurjökull. Sporðamælingar hófust hér á landi um 1930, að tilstuðlan Jóns Eypórssonar þáverandi veðurstofustjóra. Fyrir þann tíma lá fyrir afar lítil þekking um íslenska jökla. Frá upphafi sinntu ábúendur á Kvískerjum í Örfum og bændur í Suðursveit sporðamælingum á þessum skriðjöklum áður en Náttúrustofan tók við. Lengst af voru mælingar gerðar með mælibandi og viðmiðsmerkjum á vettvangi. Nú er stuðst við GPS staðsetningatæki og gervitunglagögn. Stofan vaktar fleiri skriðjökla frá Vatnajökli með tálmað aðgengi að sporðunum vegna jökullóna. Í þeim tilfellum er stuðst við gervitunglagögn. Niðurstöðum sporðamælinganna er komið fyrir í gagnagrunni Jöklarannsóknafélagsins og Veðurstofunnar og gerðar aðgengilegar í Jöklavefsjá Veðurstofu Íslands.



*Hólárjökull í Öraefajökli hefur hopað hátt upp í hlíðar Öraefajökuls. Fyrir 30 árum fyllti jökullinn gljúfrið og lá sporðurinn fram með græna höfðanum vinstra megin við Hólá, sem er á miðri myndinni. Ljós.: SG, 14. júní 2023.*

## Verkefnið Hörfandi jöklar

Náttúrustofan hefur frá árinu 2017 sinnt verkefni með Veðurstofu Íslands, Jöklahópi Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands, Landmælingum Íslands og Vatnajökulsþjóðgarði, sem nefnt er Hörfandi jöklar. Verkefnið er styrkt af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Markmiðið er að auka vitund fólks um afleiðingar hlýnandi loftslags en hop jökla síðasta árhundraðið er ein gleggsta birtingarmynd þess. Í Jöklabréfi, einblöðungs-yfirliti sem hefur verið gefið út árlega fyrir almenning og leiðsögumenn, eru upplýsingar um hop Breiðamerkurjökuls og Hoffellsjökuls. Einnig eru jöklabreytingar kynntar í tölum. Kynningarefni úr þessu verkefni er m.a. að finna á vefsíðu Vatnajökulsþjóðgarðs. Yfirgripsmeiri upplýsingar eru svo aðgengilegar á Jöklavefsjá Veðurstofu Íslands og á heimasíðu Náttúrustofu Suðausturlands má ævinlega nálgast útgefið efni. Jöklabréf ársins kom út vorið 2023 með upplýsingum um jöklabreytingar fyrir árið 2022.

## Jöklavefsjá

Yfirgripsmikið gagnasafn um íslenska jökla er aðgengilegt á [Jöklavefsjá](#) Veðurstofu Íslands, sem var fyrst kynnt í mars 2022. Jöklavefsjái er samstarfsverkefni Veðurstofu Íslands, Jarðvísindastofnunar Háskólans, Landsvirkjunar, Jöklarannsóknafélags Íslands, Landmælinga Íslands og Náttúrustofu Suðausturlands. Það er styrkt af Loftslagssjóði og verkefninu „Hörfandi jöklar“ á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Þar birtast mælingar sem safnað er með reglubundnum hætti. Á vefsjánni er yfirlit um rannsóknir og breytingar á íslenskum jöklum. Ritstjórn jöklavefsjárinnar uppfærir gagnasafnið jafnharðan og nýjar mælingar berast.

Gögnin eru send til alþjóðlegra stofnana eins og World Glacier Monitoring Service í Zürich í Sviss og Global Land Ice Measurements from Space (GLIMS) í Flagstaff í Arizona í BNA. Þar eru þau notuð til að meta stöðu loftslags á jörðinni í heild.



Heinbergslón. Ljós.: SG, 10. nóvember 2023.

## Hnitun og skráning Vatnajökuls

Í samstarfi við Veðurstofu Íslands eru útlínur stærstu íslensku jöklanna hnitaðar. Fyrstu árin beindust áherslur á Náttúrustofunni að mestu á nálæga skriðjökla en verkið hefur eflst hin síðari ár og nú eru skráðar árlegar breytingar á öllum Vatnajökli. Áður hefur stærð Vatnajökuls, á ýmsum tímum á 20. öld, verið kortlögð og því er hægt að meta breytingar yfir lengri tímabil. Í verkið hafa verið notuð ýmis gögn, t.a.m. gömul kort, misgamlar loftmyndir og nýlegri gervitunglamyndir. Þessar útlínur eru á kortavefsjánni.

## Starfsemi árið 2023

Kortlagning Breiðamerkursands og Breiðamerkurjökuls er á meðal yfirgripsmestu verkefna sem hefur verið sinnt hjá Náttúrustofunni. Vinna við það hefur staðið yfir í meira en áratug. Það hefur skilað miklu af áður óþekktum upplýsingum yfir þessa landsheild. Hafa þær verið birtar í greinum, m.a. um Breiðamerkursand, Jökulsá, Jökulsárlón og hop Breiðamerkurjökuls. Starfsemi og áherslur árið 2023 fólust í könnun á jökulskerjum og urðarrönum og úrvinnslu gagna um þau. Má segja árið hafa mest verið varið í þá vinnu. Farið var í vettvangsferðir í jökulsker í Breiðamerkurjökli í lok maí. Önnur ferð var gerð inn á Esjufjallarönd til þess að sækja GPS-mælistöð, sem átti aðeins eftir um nokkur hundruð metra í að falla í Jökulsárlón. Þurfti að fara yfir hættulegt sprungusvæði til þess að nálgast stöðina. Tvívegis var farið í sjónvarpsviðtöl á árinu varðandi jöklarannsóknir stofunnar, fyrst á Breiðamerkurjökul og síðan Fjallsárlón með Suðurkóreskum og Kanadískum fréttahópum. Vettvangsferð að Hólárjökli var farin í júlí.



*Handan við sprungusvæði í Breiðamerkurjökli sést til Bræðraskers og Káraskers. Esjufjöll eru enn fjær ofarlega t.v. og Veðurárdalsfjöll t.h. Ljósni.: SG. 31. maí 2023.*







LÍFRÍKI

## Helsingjamerkingar

Dagana 10.-12. júlí tók Náttúrustofan þátt í helsingjamerkingum í sjöunda sinn en verkefninu er stýrt af Arnóri Þóri Sigfússyni dýravistfræðingi hjá Verkís. Eins og áður tóku starfsmenn Fuglaathugunarstöðvar Suðausturlands, Vatnajökulsþjóðgarðs og Náttúrufræðistofnun Íslands þátt í merkingunum, auk sjálfboðaliða. Alls voru merktir 500 nýir helsingjar í ár en 120 veiddir fuglar voru þegar merktir og því skráðir sem endurheimtir. Þetta árið var einungis sett staðsetningartæki einn helsingja, Guðmund, við Brytalæki í Skaftárhreppi. Í ár slóst Carly Russell frá Ludwig-Maximilians háskólanum í München með í för og tók sýni af fiðri og fótum nokkurra fugla til að greina örveru- og fléttuflóru.



*Carly Russell tekur sýni af helsingja sem Anna Björg heldur á. Ljósni.: LJ. 10. júlí 2023*



*Hópurinn sem kom að helsingjamerkingum á Breiðamerkursandi þann 10. júlí. Frá vinstri: Lilja Jóhannesdóttir, Carly Russell, Philippa og Carl Mitchell, Anna Björg Sigfúsdóttir, Brynjúlfur Brynjólfsson, Arnór Þórir Sigfússon, Páll Valsson, Nanna Ingvadóttir, Styrmir Níelsson, Súsanna Ruth Magnúsdóttir. Fyrir framan: Guðrún Tryggvadóttir. Ljósni.: LJ*

## Helsingjavarp í Skúmey

Farið hefur verið árlega síðan árið 2017 út í Skúmey í Jökulsárlóni og helsingjahreiður talin. Í ár var farið þann 25. maí og fundust 1729 hreiður. Líkt og í fyrra kom Arnór Þórir Sigfússon frá Verkís með til að lesa af merktum helsingjum og líta eftir fuglum sem bera staðsetningartæki en hann stýrir helsingjamerkingaverkefninu.



*Helsingjar í og á flugi í Skúmey. Ljósni.: LJ.*



*Hópurinn sem fór í Skúmey til að taka út helsingjavarpið þann 25. maí. Frá vinstri: Súsanna Ruth Magnúsdóttir, Björn Gísli Arnason, Courtney Brooks, Ísak Ólafsson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Helga Mattína Sveinsdóttir, Álfur Birkir Bjarnason, Fanney Ásgeirsdóttir, Arnór Þórir Sigfússon, Sigurður Óskar Jónsson og Lilja Jóhannesdóttir. Fremri röð:, Ljósni.: APS.*

## Helsingjar - AEWA

Náttúrustofan tekur þátt í sjö ára verkefni á vegum AEWA (African - Eurasian Migratory Waterbird Agreement) sem snýr að stýringu stórra hraðvaxandi stofna, í þessu tilviki helsingja (*Branta leucopsis*). Árið 2016 var innan AEWA stofnaður samstarfsvettvangur um stýringu stærðar gæsastofna en ör vöxtur sumra þeirra er víða farinn að valda vanda. Ásamt Náttúrustofunni koma að verkefninu Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Fuglaathugunarstöð Suðausturlands og umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið. Verkbáttur Náttúrustofunnar í sumar sneri að úttekt á varpstofni helsingja og lit- og GPS merkingar nærri varpstöðvum á Suðausturlandi. Starfsmenn Náttúrustofu Suðausturlands kortlögðu helsingjahreiður í Sveitarfélaginu Hornafirði dagana 19.-26. maí og starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands töldu í Skaftárhreppi dagana 29.-31. maí. Í Hornafirði fundust 2763 varppör og 291 í Skaftárhreppi. Ný vörp hafa breiðst út utan megin útbreiðslusvæðisins voru 47 pör í Seley og Andey á Austfjörðum og 20 pör við Ölfusá. Í heildina fundust því 3121 varppör og er það aukning um 20% frá síðustu úttekt árið 2020.



Svipmyndir út vettvangsvinnu við rannsóknir á Helsingja. Á myndunum má sjá Jóhannes Eggertsson, Vilborgu Þorsteinsdóttur, Álf Birki Bjarnason, Súsönnu Ruth Magnúsdóttur, Steinunni Hödd Harðardóttur og Anca Elena Cristea.

## Vöktun náttúruverndarsvæða

Náttúrustofa Suðausturlands kemur að verkefninu *Vöktun náttúruverndarsvæða*, ásamt öðrum náttúrustofum landsins og Náttúrufræðistofnun Íslands sem hefur umsjón með verkefninu. Verkefnið nær til alls landsins en tilgangur þess er að vakta náttúruverndarsvæði sem eru undir eða að útlit sé fyrir að verði undir álagi ferðamanna. Náttúrustofa Suðausturlands fer með skipulagningu, umsjón og framkvæmd verkefna á Suðausturlandi og skilar grunngögnum til Náttúrufræðistofnunar Íslands til varðveislu. Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúrustofa Suðausturlands koma báðar að úrvinnslu og túlkun ganga. Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim sex verkþáttum sem unnin voru í verkefninu árið 2023. Á árlegum ársfundi Náttúrufræðistofnunar og forstöðumanna náttúrustofa, sem haldinn var 26. október í höfuðstöðvum þeirra í Garðabæ, var fundað um verkefnið og þróun þess.

## Skúmatalningar

Nærri þriðjungur heimsstofns skúms verpur á Íslandi, þar af nærri 75% á Breiðamerkursandi og nágrenni. Skúmi hefur verið að fækka á undanförunum árum og áratugum og var því tegundin sett í forgang í vöktun í þessu verkefni. Framkvæmdar voru punkttalningar á skúmi á svæðinu frá Hnappavöllum í vestri og austur að Fellsá til að fylgjast með stofnbreytingum. Talið var dagana 31. maí, 1., 2. og 3. júní 2023. og í heild voru taldir 141 skúmar í 58 punktum, 30 punktar voru með engum skúmunum. Mest sáust 19 skúmar í einum punkti.



Skúmapar í Ingólfshöfða. Ljósma.: BB, 7. Júní 2023.

### Vöktun á varpárangri skúms

Nýliðun er mikilvægur þáttur af viðhaldi stofna og því áriðandi að vakta varpárangur skúms (*Stercorarius skua*) en tegundin hefur staðið höllum fæti undanfarin ár. Vöktun á varpárangri skúms fyrir þetta verkefni hófst árið 2020 á svæðinu við Jökulsárlón og í Ingólfshöfða. Árið 2022 var bætt við svæði austan Fjallsár. Alls var því varpárangur skúma vaktaður á þremur svæðum. Fuglaflensa herjaði á skúm sumarið 2022 en í ár hafa ekki fundist dauðir skúmar af völdum fuglaflensu. Í ár var mikið af tófuförum í Ingólfshöfða sem gæti haft áhrif á afkomu skúms. Varp skúms sumarið 2023 var afar slæmt, skást var ástandið í Ingólfshöfða. Öll þrjú svæði voru heimsótt tvisvar og var ástandið eftirfarandi:

**Jökulsárlón:** Af þeim tveimur hreiðrum sem fundust við Jökulsárlón þann 12. júní voru bæði hreiður tóm þegar farið var aftur á svæðið þann 14. júlí. Af atferli annars parsins má ætla að ungi hafi komist úr eggjum en tilvist hans er ekki staðfest. Í seinni heimsókn þann 14. júlí fundust engin ný hreiður.

**Fjallsá:** Af þeim tveimur hreiðrum sem fundust við Fjallsá þann 12. júní voru bæði hreiður tóm þegar farið var aftur á svæðið þann 14. júlí. Í seinni heimsókn þann 14. júlí fundust engin ný hreiður.


**Ingólfshöfði:** Af þeim 36 hreiðrum sem fundust í Ingólfshöfða þann 7. júní voru 9 hreiður tóm þegar farið var aftur á svæðið þann 4. júlí. Í seinni heimsókn þann 4. júlí fundust 18 ný hreiður. 22 skúmsungar fundust við vöktun í Ingólfshöfða sumarið 2023. Þann 1. ágúst merkti Fuglaathugunarstöð Suðausturlands alla skúmsunga í Ingólfshöfða og voru þeir einungis 14.



Skúmsungi og egg í hreiðri í Ingólfshöfða. Hugrakkur skúmur að vernda hreiðrið sitt meðan Lilja forstöðumaður stofunnar mælir egginn með vatnsprófi. Ljósmynd: LJ, ABS, 4. Júlí 2023

## Mófuglavöktun


Mófuglar voru vaktaðir á fimm sniðum í Sveitarfélaginu Hornafirði, til að fylgjast með þéttleika þeirra. Til mófugla teljast spörfuglar, vaðfuglar, kjói, og rjúpa. Sniðin voru heimsótt dagana 6., 8. og 16. júní í Sveitarfélaginu Hornafirði. Sniðin voru við Dynjanda í Nesjum, við Einholt á Mýrum, Skógey í Nesjum, Flatey á Mýrum og á Steinasandi í Suðursveit. Talning fór fram á þeim tíma þegar virkni fuglanna er mest, þ.e. á milli 6:00 og 10:00 að morgni og 16:00- 20:00 síðdegis.




*Staðsetning mófuglasniðanna fimm í Sveitarfélaginu Hornafirði sem tekin voru í verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða 6., 8. og 16. júní 2022.*

## Gróður

Dagana 17. Júlí og 18. júlí voru vöktuð gróðursnið í þremur vistgerðum í Skaftárhreppi. Eitt snið var í grasmelavist, tvö í eyravist og tvö í sanda- og vikravist. Vistgerðirnar þekja á bilinu 27-50% landsreita. Þann 17. júlí var sanda- og vikravist ásamt tveimur eyravistum teknar út. Þann 18. júlí var önnur sanda- og vikravist tekin út auk melagambravistar nærri Grænafjalli. Lögð voru út 40x10 m snið og sex smáreitir (33x100 cm) teknir af handahófi innan sniðsins. Vistgerð sniðsins var metin og skráð. Fyrir hvern smáreit var gróðurhæð, jarðvegsgerð, lega reits, jarðvegsraki og jarðvegisdýpt skráð. Með Braun-Blanquet skala var heildarþekja, grýtniþekja, æðplöntuþekja, mosaþekja, fléttuþekja, þekja æðplöntutegunda, ákveðinna mosa og fléttuhópa skráð. Einnig voru allar tegundir sem fundust í sniðinu en lentu ekki innan smáreitana skráðar. Jarðvegssýni voru tekin í hverju sniði. Öll þessi gróðursnið höfðu áður verið tekin út árið 2001.



Álfur, starfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands, staðsetur snið í eyravist skammt frá Tungnaá.



Staðsetning gróðursniðanna fimm í Skaftárhreppi sem tekin voru í verkefninu Vöktun náttúruverndarsvæða 17. og 18. júlí 2023. Nyrstu tvö gróðursniðin eru nálægt hvoru öðru og líta því út fyrir að vera á sama stað úr þessari fjarlægð á korti.



## Jarðmenjar

Mikil þörf er fyrir vöktun og verndun jarðmenja hér á landi og vöntun á upplýsingum um fjölda þeirra. Þær þarf að vernda annars vegar á vísindalegum grunni og hins vegar er nauðsynlegt að vernda landslag og jarðfræðilega ásýnd landsins. Í ár var Stóralda í Örafum, sem er fornsögulegur jökulgarður sem er talin a.m.k. 2500 ára gamall, myndaður með flygildi. Á síðustu árum hefur lúpína dreifst um garðinn, auk þess sem göngustígum um hana fjölgað. Einnig hefur verið lagður stígur norðan við garðinn sem mun auka umferð fólks við hana. Æskilegt væri að fylgjast með garðinum á nokkurra ára fresti til fylgjast með þróuninni.



*Stóralda í Örafum séð annars vegar úr austri og hins vegar vestri. Greinilegt er að austurhluti jökulgarðsins er hulin lúpínu og þó nokkuð er um stíga um ölduna.*

## Mat á átroðningi á vinsælum ferðamannastöðum

### Múlagljúfur

Múlagljúfur er í landi Kvískerja í Öræfum sem er við jaðar Vatnajökulsþjóðgarðs. Gljúfrið verður sífellt vinsælla meðal ferðamanna sem keyra inn að gljúfrinu og ganga upp meðfram því og að bjargbrún á mótis við Hangandifoss. Notast er við endurtekna myndatöku og flygildi til að meta áhrif ferðamanna á gróður og stíga. Vegna vinsælda og nær engra innviða hefur svæðið látið verulega á sjá síðan vöktun hófst árið 2020 (mynd 8). Til að bregðast við sóttu í samstarfi Sveitarfélagið Hornafjörður, landeigendur, Náttúrustofa Suðausturlands og Vatnajökulsþjóðgarður um styrk í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða árið 2022 og fékkst styrkur sem nýttist til undirbúning framkvæmda. Vonast er til að fjármagn fái til frekar uppbyggingar. Þann 8. september var Múlagljúfur heimsótt og gengið eftir stígnum og stoppað á stöðum sem skráðar voru skemmdir á árin 2020, 2021 og 2022 og teknar endurtökumyndir. Svæðið hafði mikið látið á sjá á milli ára og eru allir stígar að breikka og vaðast út frá fyrri árum. Nánast alla leiðina hafa orðið skemmdir og yfirleitt er stígurinn orðinn yfir 1,5 m breiður sum staðar 4-5 m breiður. Bjargbrúnin á mótis við Hangandifoss er meira útvaðin en fyrir ári síðan og fólk fer þar um stórt svæði án þess að gæta að gróðurskemmdum.



*Einn af vöktunarpunktum á göngustígunum í Múlagljúfri. Glögglega sést hve mikið svæðið hefur látið á sjá á síðustu fjórum árum. Á myndunum eru í áraröð Brynjúlfur Brynjólfsson, Kristín Hermannsdóttir, Hólmfríður Jakobsdóttir og Brynjúlfur aftur. Ljósma.: LJ.*

### **Hvalnes**

Hvalnes er vinsæll áningarstaður, þar er mikið útsýni til sjávar og yfir Eystrahorn og Tófuhorn. Áningarstaðurinn er nálægt Þjóðvegi 1 og vinsældir hans hafa aukist hratt á liðnum árum. Slíkt hefur haft neikvæð áhrif á svæðið en þar er orðið mikið traðk, gróður hefur eyðst upp víða og fleiri slóðar myndast á hverju ári. Ef bornar eru saman myndir frá 2021, 2022 og 2023 má sjá að svæðið hefur látið talsvert á sjá á milli ára og því orðið nokkuð aðkallandi að beita einhvers lags stýringu á svæðinu.

### **Þorgeirstaðadalur**

Umferð ferðafólks um Þorgeirstaðadal í Lóni hefur aukist með árunum. Í dalnum er að finna fallega fossa en vinsælastur er Skútafoss þar sem hægt er að komast að fossinum um skúta nokkurn (mynd 10). Klettaveggurinn ofan skútans en nokkuð sprunginn og er þar ein sprunga sem þykir sérstaklega varhugaverð. Árið 2021 mældi Náttúrustofa Suðausturlands sprunguna og var áætlað að gera það núna í ár til að sjá hvort hún væri að stækka. Aðstæður til mælinga voru hins vegar ekki öruggar og bíða betri tíma.



Útsýni undan skútanum við Skútafoss sem sést til hægri. Sprunga í klettaveggnum ofan skútans er vöktuð af Náttúrustofu Suðausturlands. Ljós.: LJ.

## Pödduvöktun

Í ár var fimmta sumarið í röð settar upp þrjár pöddugildir sem voru tæmdar reglulega fram á haustið. Tilgangur verkefnisins er að vakta magn sem er á sveimi hverju sinni en áætla má að fjöldi sem kemur í gildruna endurspegli það. Þannig má greina toppa í fjölda og bera saman við mismunandi búsvæði og landshluta. Slíkar mælingar gefa mikilvægar upplýsingar um náttúrufar og nýttast til samanburðar við ýmsar aðrar upplýsingar sem snúa að fuglum, svo sem varptíma og varpárangur en einnig til að meta breytingar á stofnum algengra smádýra og viðbrögð lífríkis við loftslagsbreytingum.

## Fiðrildavöktun

Náttúrustofan var í ár með tvær fiðrildagildir í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og Fuglaathugunarstöð Suðausturlands. Gildrurnar eru settar upp um miðjan apríl og teknar niður í byrjun nóvember ár hvert en tæmdar vikulega. Áður fyrr vorum við með fjórar gildir í gangi sem staðsettar voru á Mýrum í Álftaveri, í Mörtungu á Síðu og tvær í Einarslundi við Hornafjörð. Nú er svo komið að ljósaperur sem þarf í gildrurnar eru hætta í framleiðslu og því var tekin ákvörðun um að hætta með gildruna á Mýrum árið 2022 en þaðan er stysta gagnaserían. Í ár var ákveðið að hætta einnig með gildruna í Mörtungu og voru því aðeins gildrurnar í Einarslundi settar upp. Ljóst er að til að halda áfram fiðrildavöktuninni þarf að uppfæra búnaðinn í samræmi við þær ljósaperur sem nú eru fánlegar.

## GróGos

Á vormánuðum 2023 gáfu Náttúrustofa Suðausturlands og Landgræðslan út lokaskýrslu verkefnisins *GróGos*. *GróGos* er samvinnuverkefni Landgræðslunnar og Náttúrustofu Suðausturlands. Verkefnið *GróGos - Mat á hættu á síðkominni dreifingu fokefna frá eðju eftir Skaftárhlaup* var ætlað að afla upplýsinga um gerð og ástand vistkerfa á áhrifasvæði Skaftárhlaupa og meta getu þeirra til að standast setákomu og hindra dreifingu fokefna að hlaupi loknu. Verkefnið er hluti af hættumati vegna eldgosa á Íslandi (GOSVÁ) sem styrkt er af Ofanflóðasjóði. Rannsóknarsvæðið var áhrifasvæði Skaftárhlaupa í byggð frá Skaftárdal að norðan, Skálarafleggjara að austan og Flögulóni að vestan Valin voru sex undirsvæði þar sem áfallapol einstakra vistgerða og plöntutegunda var metið með vettvangsrannsóknum og greiningu á myndum sem teknar voru með flygildi. Niðurstöðurnar voru síðan bornar saman við vistgerðarkort frá sömu svæðum, byggð á loftmyndum frá 2011. Mosahraunavist hafði gefið mikið eftir á árabílinu frá 2011 til 2022 sem bendir til þess að áfallapol hennar sé lítið, en lynghraunavist hafði gefið mun minna eftir og hefur því greinilega meira áfallapol. Miðað við mikla útbreiðslu mosahraunvistar hefur stór hluti svæðisins mjög takmarkaða getu til að þola ákomu setefna og hindra dreifingu þeirra og inn í vistina sækja stórir áfoksgeirar. Svæði þar sem lynghraunavist er ríkjandi hafa verulegt áfallapol gagnvart ákomu setefna og þar eru ekki áberandi setgeirar. Víða er þó mikið álag á rofjaðra svæða þar sem lynghraunavist er ríkjandi og hætta á frekara rofi. Við rofjaðar var loðvíðir gjarnan ríkjandi og þolir greinilega verulega sandákomu og hindrar frekari dreifingu sands og annarra fokefna. Sama gildir um gulvíði og melgresi. Lúpína þolir einnig verulega sandákomu. Töluvert hefur verið lagt í uppgræðslu á svæðinu en vettvangskannanir bentu til þess að þær ættu víða undir högg að sækja en endurteknar áburðargjafir hafa víða gefið góða raun við að hamla gegn slíku. Lögð var viðhorfskönnun fyrir íbúa svæðisins sem almennt töldu að gróðurfar á áhrifasvæði Skaftárhlaupa hefði breyst mikið en skiptar skoðanir voru á uppgræðsluaðgerðum en almennt samþykki um að tré, runnar og hávaxnar jurtir væru vel til þess fallin að lifa af flóð og binda set.

Byggt á þessum niðurstöðum eru lagðar fram tillögur um aðgerðir/tilraunir til að efla áfallaþol vistkerfa við Skaftá gagnvart setákomu og síðkominni dreifingu setefna. Lögð er áhersla á efla almennar uppgræðsluáðgerðir og styrkja jafnframt þann gróður sem fyrir er, sérstaklega við rofjaðra og áfoksgeira. Einnig eru lagðar fram hugmyndir um að koma upp trjálundum til að takmarka vindstyrk og minnka uppfok fínefna inni á upptakasvæðum þeirra.



*Vestan við afleggjarann heim að Skál eru þykkir setbollar en víða má sjá loðvíði, gulvíði og melgresi í jaðrinum. Ljósmynd.:PP.*

### **Bændur græða landið**

*Bændur græða landið* er samvinnuverkefni Landgræðslunnar og bænda um uppgræðslu heimalanda. Tilgangur þess er að styrkja bændur til landgræðslu á jörðum sínum, stöðva rof, þekja land gróðri og gera það nothæft til landbúnaðar eða annarra nota. Starfið felst í heimsóknum til bænda þar sem uppgræðslur eru skoðaðar, framkvæmdir eru staðfestar og gerð áætlun fyrir næsta ár. Staðfestingu á framkvæmdum þarf að fylgja landfræðileg staðsetning aðgerða, annað hvort sem GPS ferill eða teikning á loftmynd, þar sem Landgræðslan ber ábyrgð á loftslagsbókhalda Íslands.

Starfsmaður á vegum Náttúrustofu Suðausturlands, sem hefur aðsetur á Kirkjubæjarklaustri, sá um verkefnið sumarið 2023 líkt og fyrri sumur. Svæðið nær allt frá Mýrdalssandi og austur í Lón. Þátttakendur í ár voru 20 talsins og náðu aðgerðir þeirra til rúmlega 200 hektara. Þátttakendur voru nokkuð færri í ár en

undanfarin ár þar sem þurrkar settu nokkurt strik í reikninginn. Til að ná bestum árangri með áburðargjöf er æskilegt að dreifa áburði stuttu fyrir rigningu. Þar sem síðasta almennilega úrkoman í Skaftárhreppi fyrir sumarið var í maí reyndist það erfitt. Sumir Bændur ákváðu því að taka sér hlé í ár og geyma áburðinn til næsta árs. Þurrkarnir voru þó ekki einungis til trafala því sums staðar urðu áður ófær deiglendi þurr og vélfær. Nýttu þá sumir tækifærið og óku þangað rúllum til uppgræðslu.



*Eitt af uppgræðslusvæðum verkefnisins Bændur græða landið sumarið 2023. Ljósmynd: ÁBB*

### **Kolefnismælingar í Skaftárhreppi**

Vorið 2021 fór af stað viðamikil vöktunarverkefni í Skaftárhreppi við mælingar á kolefnisforða og -flæði úr þurrlendisjarðvegi. Var þetta því þriðja árið sem verkefnið var unnið. Undanfarin ár hefur ljóstillifun og öndun jarðvegs verið mæld í þremur ólíkum landgerðum í Skaftárhreppi og í ár var fjórða svæðinu bætt við í heiðagróðurlendi sem er einkennandi fyrir Skaftárhrepp. Markmið verkefnisins er að mæla kolefnisforða ásamt CO<sub>2</sub> flæði á nokkrum mismunandi vistgerðum þurrlendisjarðvegs og þannig er hægt að áætla heildarlosun eða bindingu með nokkuð góðri vissu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Landgræðsluna vegna kolefnisbókhalds stjórnvalda en upplýsingar um flæði kolefnis í gróðri og jarðvegi nýtast til að meta ástand vistkerfa og þær breytingar sem geta átt sér stað innan þeirra.


## Mat á náttúru og innviðum á Breiðamerkursandi

Árið 2023 lögðu Náttúrustofa Suðausturlands og Nýheimar Þekkingarsetur lokahönd á mat á náttúru, menningarminjum og innviðum á Breiðamerkursandi fyrir Vatnajökulþjóðgarð. Að verkefninu komu einnig Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Menningarmiðstöð Hornafjarðar, Efla og Náttúrustofa Austurlands. Verkefnið var unnið vegna Vörðu, samstarfsverkefnis atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og umhverfis- orku- og Loftslagsráðuneytisins. Varða miðar að heildstæðri nálgun í stjórnun áfangastaða og var Breiðamerkursandur var einn þeirra fjögurra staða sem valdir voru í prufuferli Vörðu. Markmið verkefnisins er þrjúþætt;

1. *Meta núverandi ástand helstu álagssvæða á Breiðamerkursandi.*
2. *Greina mögulegar aðgerðir til að tryggja stöðugleika og jákvæða framvindu svæðisins.*
3. *Leggja fram tillögur vegna vöktunar og mats.*

Auk þessara markmiða var verkefninu ætlað að meta umfang atvinnutengdar starfsemi á Breiðamerkursandi.

Hlutur Náttúrustofu í verkefninu snerist að mestu leyti að fjalla um náttúru svæðisins, dauða og lífandi, og lýsa ástandi hennar og hvernig málum skuli háttað til að hún verði ekki fyrir skakkaföllum vegna nýtingar hennar. Vinnan byggði mikið á fyrirliggjandi gögnum en einnig var gerð úttekt á gróðri, með aðkomu Náttúrustofu Austurlands, á vinsælustu svæðum Breiðamerkursands.



Vestanverður Breiðamerkursandur og Örafajökull í baksýn. Ljós. SG, 9. Mars 2017.

## Klettafrú

Náttúrustofan hóf rannsóknir á klettafrú (*Saxifraga cotyledon*) árið 2023 sem byggja á eldra verkefni Álfs Birkis. Rannsóknin miðar að því að meta hversu gömul klettafrú verður, en hún er fjölær og einæxla. Það þýðir að hún vex mörg ár án þess að blómstra og þegar ákveðnum stærðarþröskuldi hefur verið náð leggur hún alla sína orku í einn blómgunaratburð, blómstrar fjölmörgum blómum á löngum stilk, og deyr að því loknu. Hingað til er ekki vitað hversu mörg ár klettafrú vex áður en hún blómgast og deyr en það eru mikilvægar upplýsingar til að meta áfallapol hennar, sérstaklega gagnavart veðurfarsbreytingum.



*Planta 32 við Seljaland í Fljótshverfi í október 2021 (t.v.) og planta 23 í Stafafelli í Lóni í júní 2023 (t.h.). Á myndunum sést hvernig tannstöngulsflögg eru fest í mosa eða sprungu í klettaveggnum til að aðgreina hverja plöntu fyrir sig. Ljós.: ÁBB.*

14. og 15. júní voru um 400 plöntur mældar og myndaðar á fjórum svæðum í Skaftárhreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði. Af þessum plöntum höfðu um 200 verið merktar árið 2021 sem hluti af eldra verkefni í Fljótshverfi í Skaftárhreppi en hinar 200 voru merktar árið 2023 í Stafafelli, við Geitafellstanga í Nesjum og í Stafafellsfjöllum í Lóni. Um haustið var sniðanna vitjað aftur og aföll af merktum plöntum skráð og þær myndaðar að nýju. Áætlað er að endurmæla plönturnar árið 2024 og meta þannig m.a. vaxtarhraða þeirra, stærðarþröskuld fyrir blómgun og blómgunarhlutfall.



*Starfsfólk Náttúrustofu við rannsóknir á klettafrú. Ljós.: LJ, sumarið 2023.*



## STIKLUR ÚR STARFI

### Jarðgrunnur á áhrifasvæði Tröllárvirkjunar og Hvanneyrardalsvirkjunar

Eftir vettvangskönnun á haustmánuðum 2023 var tekin saman skýrsla um jarðgrunninn á áhrifasvæði Tröllárvirkjunar og Hvanneyrardalsvirkjunar, en það eru heiðalöndin á sunnanverðum Vestfjörðum, sem gjarnan er nefnt Glámuhálendi eða Glámuheiði. Þar voru könnuð og kortlögð laus jarðlög sem liggja ofan á berggrunninum ásamt landformum, fyrir mat á vatnsaflsvirkjunarkostum sem taldir eru til í 5. áfanga rammaáætlunar. Til áhrifasvæða Tröllár- og Hvanneyrardalsvirkjana teljast vatnasvið á Glámuhálendinu og afrennislleiðir frá þeim, til suðurs í Vattardal í Vattarfirði, einn af þverfjörðum í Breiðafirði, og til norðausturs í Hvanneyrardal í Ísafirði. Niðurstöður þessarar vinnu voru síðan kynnt umbjóðendum.



*Lagskiptur bergstaflinn í Vattardal. Í dalbotninum er Vattará. Sýn suður í Vattarfjörð. Sjá má að staflinn hallar til suðausturs í Breiðafjörð. Ljósmynd.: SG, 13. september 2023.*

### Stefnumót við starfsmenn framtíðar

Í lok október stóð verkefnið Hornafjörður Náttúrulega fyrir starfastefnumóti hér í Nýheimum á Höfn. Viðburðinn var hugsaður sem "stefnumót við starfsmenn framtíðar" og kom fjöldi gesta, ungir sem aldnir. Lilja stóð vaktina og kynnti starfsemi stofunnar fyrir gestum og gangandi.



*Lilja Jóhannesdóttir við bás stofunnar á starfastefnumóti í lok október. Haft var til sýnis fyrir gesti nokkra muni úr náttúru Íslands sem og tæki og tól sem notuð eru við náttúruvannsóknir. Ljósmynd: LJ, 25. október 2023*

### Framhaldsnemar


Í maí varði meistaranemi Lilju Jóhannesdóttur, Brenna Martell, meistaraverkefni sitt við Háskólasetur Vestfjarða. Verkefnið var titlað Bird's-Eye View. Elevating Bird Conservation in Iceland by Exploring the Human Dimensions of Birdlife og fjallar um skoðanir, hegðun og þekkingu fólks gagnvart fuglalífi á Íslandi og hvernig það nýtist til að bæta fuglavernd.

### Loftmyndun lúpínubletta í Skaftárhreppi

Dagana 29.-30. júní og 3. júlí fóru starfsmenn Náttúrustofunnar á Kirkjubæjarklaustri og mynduðu lúpínubreiður nærri Þjóðvegi 1 í Eldhrauni með flygildi. Myndirnar nýtist við kortlagningu lúpínu í sveitarfélaginu til að meta þörf á aðgerðum til að sporna við frekari dreifingu hennar.

## Mói – vefsíða um landnotkun og líffræðileg fjölbreytni

Í vor var opnuð ný heimasíða á vegum Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurlandi. Fyrsti höfundur hennar er Lilja Jóhannesdóttir enda byggir efni síðunnar mikið á rannsóknum Lilju. Tilgangur vefsíðunnar er að miðla upplýsingum til þeirra sem vilja vita meira um mófugla og vernd þeirra. Settar eru fram ábendingar um mófuglavernd sem byggja á vísindalegum grunni. Veffangið er moi.hi.is.



## Mói - landnotkun og líffræðileg fjölbreytni

*Forsíða heimasíðunnar moi.is en fyrsti höfundur hennar er Lilja Jóhannesdóttir*

### Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu – FAS


Líkt og undanfarin ár hefur verið talsvert samstarf á milli stofunnar og FAS. Á haustmánuðum fóru starfsmenn stofunnar með í vettvangsferðir með tveimur skólahópum. Annars vegar var hópur sem fór í árlega jöklaferð en í þeirri ferð er gengið um aura Heinabergsjökuls og starfsmaður kennir nemendum um jarðminjar. Hins vegar fór starfsmaður með í vettvangsferð á Skeiðarársand og tók þátt í kennslu og vinnslu við gróðurælingar.

### Umsagnir

Reglulega er óskað eftir umsögnum Náttúrustofu varðandi ýmis konar framkvæmdir. Gerð umsagna tekur því talsvert pláss í starfi stofunnar en slíkt ferli er gífurlega mikilvægt og brýnt að nýta fagþekkingu stofunnar.

## FJÁRHAGUR

Deloitte ehf Hornafirði annast bókhalds- og launavinnslu auk endurskoðunar, reikningsskila og skattskila fyrir Náttúrustofu Suðausturlands. Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2023 námu heildarrekstrartekjur um 65,9 millj. króna. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var jákvæð um 7,6 millj. króna og var sú upphæð færð til hækkunar á eigin fé stofunnar. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir Náttúrustofunnar 43,1 millj. króna og bókfært eigið fé í árslok var 39,6 millj. króna. Nánari upplýsingar um fjárhag stofunnar má finna í ársreikningi hennar.



*Hlutfallsleg skipting tekna og útgjalda Náttúrustofu Suðausturlands 2023.*

### Styrkir og samstarfssamningar

Árið 2023 hlaut stofan styrk frá Atvinnu- og rannsóknarsjóði sveitarfélagsins Hornafjarðar til rannsókna á Hólárjökli, lífsferil klettafrú og aldursgreingu gróðurleifa. Þá hlaut stofan einnig styrk frá Kvískerjasjóði til rannsókna á klettafrú og aldursgreininga á gróðurleifum. Samstarf var við Landgræðsluna vegna verkefnisins Bændur græða landið, GróGos og kolefnismælinga í Skaftárhreppi. Samstarf er við Náttúrufræðistofnun Íslands vegna Vöktunar náttúruverndarsvæða og helsingjavöktunar. Einnig voru gerðir samstarfssamningar við Nýheima þekkingarsetur um mat á álagi á Breiðamerkursandi og við Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hornafirði og fleiri um vísindaferðapjónustu.

## ERINDI OG KYNNINGAR

**17. mars** - Tómas G. Gunnarsson, forstöðumaður Rannsóknaseturs HÍ á Suðurlandi, Aldís Erna Pálsdóttir, nýdóktor við Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi og Lilja Jóhannesdóttir, forstöðumaður Náttúrustofu Suðausturlands Áskoranir og tækifæri við vernd mófugla á mannöld. Haldið á ársfundi Stofnunar Rannsóknasetra HÍ, Egilsstöðum.

**20. mars** - Álfur Birkir Bjarnason, Rannveig Ólafsdóttir og Snævarr Guðmundsson, starfsfólk Náttúrustofu Suðausturlands. Kynningar á verkefnum á vegum náttúrustofunnar. Klettafrú, gasmælingar og jökulsaga Breiðamerkurjökuls. Haldið á ársfundi Náttúrustofu Suðausturlands, Kirkjubæjarklaustri

**24. mars** - Álfur Birkir Bjarnason, starfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands. Lífsögubreytur og aldursmat klettafrúr á Íslandi. Haldið á ráðstefnu Vistfræðifélags Íslands 2023, Laugarbakka.

**23. apríl** - Hrafnhildur Hannesdóttir, Oddur Sigurðsson, Snævarr Guðmundsson, Joaquín M.C. Belart, Ragnar H. Prastarson, Finnur Pálsson, Eyjólfur Magnússon, and Tómas Jóhannesson. Glacier changes in Iceland since the Little Ice Age maximum - glacier outlines, terminus measurements and photographic evidence. Veggspjald haldið á European Geosciences Union (EGU), Austurríki, Vín

**23. apríl** - Greta H. Wells, Þorsteinn Sæmundsson, Snævarr Guðmundsson, Finnur Pálsson, Eyjólfur Magnússon, Reginald L. Hermanns og Guðfinna Aðalgeirsdóttir 2023. Future proglacial lake evolution and outburst flood hazard in south Iceland. Ráðstefngrein og veggspjald haldið á European Geosciences Union (EGU), Austurríki, Vín

**13. október** - Álfur Birkir Bjarnason, starfsmaður Náttúrustofu Suðausturlands. GróGos - Mat á áfallaþoli vistkerfa á áhrifasvæði Skaftárhlaupa gagnvart ákomu sets og fokefna Veggspjald á líffræðiráðstefnunni 2023.

**19. október** – Lilja Jóhannesdóttir með kynningu á starfsemi stofunnar fyrir starfsmenn Vegagerðarinnar. Haldin í Nýheimum

**14. desember** – Lilja Jóhannesdóttir með kynningu á starfsemi stofunnar á erindaröð MUN sem haldin var á vegum Landgræðslunnar. Erindið fór fram á netinu.

## ÚTGÁFA, GREINARGERÐIR OG RITRÝNDAR GREINAR

Daniel Ben-Yehoshua, Þorsteinn Sæmundsson, Sigurður Erlingsson, Jón Kristinn Helgason, Reginald L. Hermanns, Eyjólfur Magnússon, Benedikt G. Ófeigsson, Joaquín M.C. Belart, Ásta Rut Hjartardóttir, Halldór Geirsson, Snævarr Guðmundsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Finnur Pálsson, Vincent Drouin, Bergur H. Bergsson 2023. The destabilization of a large mountain slope controlled by thinning of Svínafellsjökull glacier, SE Iceland. *Jökull* 73, 1-34.

Lilja Jóhannesdóttir, Pálína Pálsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Sigurjón Andrésón og Snævarr Guðmundsson 2023. Ársskýrsla 2022. Náttúrustofa Suðausturlands, Höfn í Hornafirði, mars 2023.

Lilja Jóhannesdóttir, Aldís Erna Pálsdóttir, Jennifer A. Gill, José A. Alves, Böðvar Þórisson og Tómas Grétar Gunnarsson 2023. Mói – vefur um líffræði og vernd mófugla á Íslandi. [www.moi.hi.is](http://www.moi.hi.is)

Pálína Pálsdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Álfur Birkir Bjarnason, Lilja Jóhannesdóttir og Guðmundur Halldórsson 2023. Grógos – Mat á áfallaþoli vistkerfa á áhrifasvæði Skaftárhlaupa gagnvart ákomu sets og fokefna. Náttúrustofa Suðausturlands og Landgræðslan, Höfn í Hornafirði, júní 2023.

Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir, Snævarr Guðmundsson, Jón Haukur Steingrímsson, Sara Kolodziejczyk, Sigríður Guðný Björgvinsdóttir, Þorvarður Árnason og Lilja Jóhannesdóttir 2023. Breiðamerkursandur – mat á náttúru, menningarminjum og innviðum. Unnið af Nýheimum þekkingarsetri og Náttúrustofu Suðausturlands fyrir Vatnajökulsþjóðgarð vegna Vörðu.

Snævarr Guðmundsson, 2023. Breytingar á jökuljaðri Vatnajökuls árin 2021-2022. Óútgefin samantekt. 4. júlí 2023. 7 bls.

Snævarr Guðmundsson, 2023. Forkönnun á jarðgrunni á áhrifasvæði Tröllárvírkjunar. Náttúrustofa Suðausturlands. Höfn í Hornafirði. 35 bls. Unnið fyrir verkefnastjórn rammaáætlunar 5.





NÁTTÚRUSTOFA  
SUÐAUSTURLANDS

Skrifstofur  
Nýheimum  
Litlubrú 2  
780 Höfn í Hornafirði

Kirkjubæjarstofu  
Klausturvegi 2  
880 Kirkjubæjarklaustri

Sími: 470 8060  
Heimasíða: [www.nattsa.is](http://www.nattsa.is)  
Netfang: [info@nattsa.is](mailto:info@nattsa.is)